

# LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 19. október 2018.

Mál nr. 300/2018:

**LP verktak ehf.**

*(Auður Björg Jónsdóttir lögmaður)*

**gegn**

**Kristni L. Brynjólfssyni**

*(sjálfur)*

**Lykilorð**

*Aðild. Sakarefni. Verksamningur.*

**Útdráttur**

*L ehf. höfðaði mál gegn K til heimtu greiðslu fyrir múrviðgerðir á fasteign í eigu K. Aðila greindi á um hvort K hefði óskað eftir þjónustunni í eigin nafni eða fyrir hönd félagsins D ehf. sem var að öllu leyti í hans eigu. Sakarefni málsins var skipt við meðferð þess fyrir héraðsdómi með þeim hætti að aðeins var dæmt um þá málsástæðu K að hann væri ekki réttur aðili að málinu og sýknaði héraðsdómur hann á þeim grunni. Landsréttur taldi á hinn bóginn að K hefði ekki sýnt fram á að stofnast hefði réttarsamband milli D ehf. og L ehf. og óumdeilt væri að K hefði óskað eftir því við fyrirsvaramann L ehf. að hann tæki að sér verkið. Því væri K réttur aðili að málinu.*

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ragnheiður Bragadóttir, Sigurður Tómas Magnússon og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

**Málsmeðferð og dómkröfur aðila**

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar með áfrýjunarstefnu 21. mars 2018. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 2018 í málinu nr. E-[...]/2016.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefndi sé réttur aðili að málinu. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

**Niðurstaða**

- 4 Í héraði var sakarefni skipt með heimild í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Var aðeins dæmt um málsástæðu stefnda sem laut að aðildarskorti hans. Samkvæmt 2. mgr. 151. gr. sömu laga verður því fyrir Landsrétti eingöngu fjallað um sýknukröfu stefnda vegna aðildarskorts.
- 5 Ágreiningslaust er að stefndi óskaði eftir því við Loga Pétursson, fyrirsvaramann áfrýjanda, að hann tæki að sér múrviðgerðir á fasteigninni að Rafstöðvarvegi 1A í Reykjavík. Um er

að ræða gömlu kartöflugeymslurnar í Ártúnsbrekku en stefndi, sem er hönnuður, hyggst opna þar hönnunar- og listamiðstöð að loknum endurbótum. Í málinu er um það deilt hvort stefndi hafi óskað eftir þjónustu áfrýjanda í eigin nafni eða fyrir hönd einkahlutafélags síns Desforms.

- 6 Fram kom í skýrslu fyrirvarsmanns áfrýjanda í héraði að þegar liðið hafi að verklokum hafi hann spurt stefnda á hvern hann ætti að stíla reikning vegna verksins. Hafi stefndi sagt honum að stíla reikninginn á Desform ehf. en það hafi verið í fyrsta skipti sem stefndi nefndi það félag á nafn. Kvaðst fyrirvarsmaður áfrýjanda í fyrstu hafa gefið reikninginn út á það félag í þeirri trú að það væri eigandi fasteignarinnar. Skömmu síðar hafi hann komist að því að svo væri ekki heldur væri stefndi eigandi hennar. Hafi hann því bakfært reikninginn á Desform ehf. og gefið hann út að nýju á nafn stefnda ásamt síðari reikningnum.
- 7 Ekki er um það deilt í málinu að stefndi er eigandi fasteignarinnar að Rafstöðvarvegi 1A. Þá liggur fyrir að stefndi er fyrirvarsmaður og eigandi alls hlutfjár í Desform ehf. Stefndi kveður félagið vera virðisaukaskattsskyldan aðila sem hafi annast allar framkvæmdir við endurbætur á fasteigninni. Þá kom fram hjá stefnda við flutning málsins fyrir Landsrétti að til stæði að á vegum félagsins yrðu framléidd húsgögn og í tengslum við starfsemi félagsins yrði sýningarsalur í áðurgreindri fasteign tekinn í notkun. Þá kom fram hjá stefnda að fjármögnunaraðili verksins væri annað félag í hans eigu, Rafstöðvarvegur 1A ehf., sem jafnframt yrði rekstraraðili fasteignarinnar. Hefur það félag auglýst til leigu geymslu- og verslunarrými í húsnæðinu.
- 8 Samkvæmt skýringum með ársreikningi Desforms ehf. 2016 er tilgangur félagsins hönnun og framleiðsla húsgagna. Ekkert kemur fram um það í gögnum málsins að félagið hafi með höndum byggingarstarfsemi eða aðra starfsemi tengda fasteignum. Þá liggur ekki fyrir í málinu samningur á milli stefnda sem eiganda fasteignarinnar og Desforms ehf. um aðkomu þess félags að framkvæmdum við fasteignina og hvernig uppgjöri vegna þess skyldi háttáð. Eru fullyrðingar stefnda um að Desform ehf. hafi annast framkvæmdir við fasteignina og borið kostnað af þeim ekki studdar neinum gögnum. Á hinn bóginn er óumdeilt að stefndi, sem er eigandi fasteignarinnar, óskaði eftir því við fyrirvarsmann áfrýjanda að hann tæki að sér verkið og liggur ekkert annað fyrir samkvæmt framangreindu en að hann hafi verið verkkaupi. Engu breytir í því sambandi þótt fyrirvarsmaður áfrýjanda hafi að ósk stefnda í fyrstu gefið út reikning á Desform ehf. enda kvaðst hann hafa gert það í þeirri trú að félagið væri eigandi fasteignarinnar. Samkvæmt framangreindu hefur stefndi ekki sýnt fram á að stofnast hafi réttarsamband milli Desforms ehf. og áfrýjanda vegna þeirrar kröfu sem áfrýjandi hefur uppi í málinu. Samkvæmt því og með vísan til þess sem að framan greinir er stefndi réttur aðili að málinu. Verður hinum áfrýjaða dómi því hrundið og viðurkenningarkrafa áfrýjanda tekin til greina á þann hátt sem í dómsorði greinir.
- 9 Stefndi greiði áfrýjanda 400.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

## Dómsorð:

Viðurkennt er að stefndi, Kristinn L. Brynjólfsson, sé réttur aðili að máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda, LP verktaki ehf., 400.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 2018

Mál þetta, sem var dómtekið 13. febrúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af LP verktaka ehf., Kleppsvegi 48, Reykjavík á hendur Kristni Brynjólfssyni, Lágabergi 1, Reykjavík, með stefnu birtri 30. nóvember 2016.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.271.817 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af 1.888.735 kr. frá 23.9.2016 til 6.10.2016 og af 2.271.817 kr. frá 6.10.2016 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. sömu laga er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og til vara lækkunar á stefnukröfum. Þá er krafist málskostnaðar í báðum tilfellum.

Í greinargerð stefnda var gerð krafa um frávísun málsins en fallið frá þeirri kröfu 27. febrúar 2017. Þá var gerð krafa um málskostnaðartryggingu að mati dómsins verði málinu ekki vísað frá dómi án kröfu. Stefndi féll frá þeirri kröfu 27. mars 2017.

Við fyrirtöku málsins 20. október 2017 var ákveðið, með vísan til 1. mgr. 31. gr. laga um meðferð einkamála, að skipta sakarefninu. Þannig er málið einungis flutt um aðild.

#### I

Mál þetta er tilkomið vegna tveggja reikninga fyrir vinnu stefnanda við múrviðgerðir á fasteign að Rafstöðvarvegi 1a. Annars vegar er það reikningur nr. 100300 að fjárhæð 1.888.735 kr., með gjalddaga 13. september 2016 og eindaga 23. september 2016, og hins vegar reikningur nr. 100301 að fjárhæð 383.082 kr., með gjalddaga 6. október 2016 og eindaga 16. október 2016. Samtals eru þetta 2.271.817 kr. Báðir reikningarnir eru stílaðir á stefnda.

Áður hafði stefnandi gefið út reikning nr. 100291 og er sá reikningur samhljóða reikningi nr. 100300 nema stílaður á Desform ehf. Fyrir dómi kvað stefnandi að sá reikningur hefði verið bakfærður. Stefndi kannast ekki við þá bakfærslu.

Sama dag og stefna málsins var birt, þ.e. 30. nóvember 2016, lét stefndi, fyrir hönd Desforms ehf., birta fyrir stefnanda bréf, dags. 18. október 2016, þar sem alvarlegar athugasemdir eru gerðar við múrverk og reikninga nr. 100291, 100300 og 100301.

#### II

Stefnandi krefst þess að nefndir tveir reikningar nr. 100300 og 100301 verði greiddir og vísar til meginreglu kröfuréttarins um efnidir fjárskuldbindinga og til laga um þjónustukaup. Stefndi hafi hvorki sinnt innheimtuviðvörðunum stefnanda né innheimtubréfi lögmanns hans og sé því mál þetta höfðað til greiðslu skuldarinnar.

Stefndi byggir fyrst og fremst á því að stefnandi og stefndi hafi ekki átt í neinum viðskiptum og því beinist stefnan að aðila. Stefnandi hafi áður gefið út reikning 100291, en greiðandi hans sé Desform ehf., kt. [...]. Það félag sé sá virðisaukaskattsskildi aðili sem sjái um allar framkvæmdir við byggingarnar að Rafstöðvarvegi 1a. Reikningurinn sé nákvæmlega samhljóða reikningi 100300, sem mál þetta lúti að.

#### III

Í skýrslu fyrirvarsmanns stefnanda kom fram að stefndi, Kristinn Brynjólfsson, hefði hringt í hann og beðið hann að taka að sér tiltekið múrverk vegna endurbóta gömlu kartöflugeymslunnar að Rafstöðvarvegi 1A.

Þegar liðið var á verkið hafi hann spurt Kristin á hvern hann ætti að stíla reikninginn. Skilja verður framburð fyrirvarsmannsins þannig að Kristinn hafi sagt að það væri Desform ehf. Fyrsta reikninginn hafi hann því stílað á Desform ehf. Síðan hafi hann komist að því að Desform ehf. ætti ekki eignina, heldur Kristinn sjálfur. Hafi hann því bakfært reikninginn og sent reikninginn á hann sem eiganda fasteignarinnar.

Fyrir dómi kvaðst stefndi vera eigandi byggingarinnar, en allar framkvæmdir væru á vegum Desforms ehf. Persónulega væri hann ekki virðisaukaskattsskyldur. Hann kvað alla reikninga vegna endurbótanna vera senda á Desform ehf. sem framkvæmdaraðila og hefði það félag staðið í skilum með alla reikninga. Hann kvaðst hafa tilkynnt fyrirvarsmanni stefnanda að reikningur ætti að fara á Desform ehf. Hann hafi ekki greitt fyrsta reikninginn þar sem hann hafi verið óánægður með verkið, samanber bréf hans 18. október 2016. Stefndi tók fram að hann hafi aldrei samið við LP verk ehf. heldur við Loga Pétursson um verkið.

#### IV

Ágreiningslaust er í málinu að stefndi, Kristinn Brynjólfsson, óskaði eftir því við Loga Pétursson að hann tæki að sér múrviðgerðir á fasteign að Rafstöðvarvegi 1a. Ágreiningurinn lýtur að því hvort hann hafi gert það í eigin nafni eða fyrir hönd Desforms ehf.

Fyrir liggur að stefndi er eigandi fasteignarinnar að Rafstöðvarvegi 1a. Þar hafa verið gerðar umfangsmiklar endurbætur sem tekið hafa um tvö ár. Leggja verður til grundvallar þann framburð stefnda að Desform ehf. sé framkvæmdaraðili vegna þeirra endurbóta og allir reikningar þeirra vegna hafi verið sendir því félagi og hafi þeir verið greiddir. Stefndi kveðst hafa tjáð fyrirvarsmanni stefnanda að reikninginn ætti að stíla á Desform ehf. Sú fullyrðing stefnda fær stoð í þeirri staðreynd að stefnandi sendi fyrsta reikninginn, þ.e. reikning nr. 100291 á það félag. Jafnframt verður framburður fyrirvarsmanns stefnanda fyrir dómi skilinn þannig að stefndi hafi tjáð honum að reikninginn ætti að stíla á Desform ehf.

Með vísan til þessa er litið svo á að stefndi hafi komið fram fyrir hönd Desforms ehf. og stefndi sé því ekki aðili að máli þessu. Því ber að sýkna stefnda vegna aðildarskorts, samanber 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Með vísan til 130. gr. laga um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað svo sem greinir í dómsorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### DÓMSORÐ

Stefndi, Kristinn Brynjólfsson, er sýknaður af kröfum stefnanda, LP verks ehf.

Stefnandi greiði stefnda, Kristni Brynjólfssyni, 467.840 kr. í málskostnað.